



Breyting í úrgangsmálum

Frá fyrsta október 2009 er verkheitið **Blátunna** grunnþáttur í sorphirðu og sorpeyðingu í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi. Þetta þýðir að tvö ílát eru grunneining við sorphirðu á almennum úrgangi í sveitarfélögunum. Þessi ílát eru skilgreind sem **Blátunna** og **Grátunna**. Með þessu verklagi eru tekin fyrstu skrefin í flokkun úrgangs hjá sveitarfélögunum, en á þann hátt vilja þau mæta kröfum samfélagsins um vistvænna umhverfi ásamt því að lágmarka þann kostnað sem samfélagið ber af úrgangsmálum.



Blátunnan er skilgreining á íláti undir pappírúrgang. Um er að ræða dagblöð, tímarit, auglýsingapóst og prentpappír. Einnig hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa eins og fernur, morgunkornspakka, eggjabakka og pakkningar utan af matvælum eins og kexi og pasta. Gæta verður þess að skola þær fernur sem fara í **Blátunnuna** og leyfa þeim að þorna áður en þær fara í ílátið.



Sýnishorn af þeim pappírúrgangi sem fara má í **Blátunnuna**

Eini pappírinn sem ekki fer í **Blátunnuna** er **bylgjupappi**, þar sem í honum eru límefti sem ekki henta í endurvinnsluferil **Blátunnunnar**. **Grátunnan** er skilgreining á íláti undir almennan úrgang annan en þann sem flokkast í **Blátunnuna**.

Framkvæmd þjónustunnar

Þjónusta sveitarfélaganna við sorphirðu og sorpeyðingu á almennum úrgangi er skilgreind í tvo þætti:

Grunnþjónusta. Hún innifelur í sér flutning og móttökugjöld úrgangsefna á afsetningarstað, ásamt gjaldfrjálsu aðgengi að móttökustöð sveitarfélaganna á opnunartíma með almennan úrgang upp að vissu magni.



Aukin þjónusta. Hún innifelur í sér leigu og losunarkostnað þeirra íláta sem notuð eru við móttöku úrgangsins hjá viðkomandi aðilum, séu þau ílát utan móttökustöðva sveitarfélaganna. **Þeir aðilar sem kjósa aukna þjónustu geta stýrt kostnaði hennar með stærðarvali íláta og losunartíðni þeirra.**

Allir fasteignaeigendur í sveitarfélögunum bera kostnað vegna grunnþjónustunnar. Íbúðarhúsnæði ber skylda til aukinnar þjónustu, en aukin þjónusta er valkvæð fyrir frístundahúsnæði og rekstrarhúsnæði.

Sundurliðun	Heimili	Rekstraraðilar	Frístundabyggðir
Sorpförgun Grunngjald	Aðgengi að móttökustöð	Aðgengi að móttökustöð	Aðgengi að móttökustöð
Sorphirða Aukin þjónusta	Tvö sett af ílátum ekki valkvætt	Tvö sett af ílátum valkvætt	Tvö sett af ílátum valkvætt

Yfirlit á samsetningu grunnþjónustu og aukinni þjónustu.

Valkvæð þjónusta

Með valkvæðri þjónustu ákveða þeir aðilar sem eiga frístundarhús eða rekstrarhúsnæði sitt þjónustustig og bera þann kostnað sem af því hlýst. Aðilar geta haft með sér samstarf um slíkt. Hér eru dæmi um framsetningu og kostnað af aukinni þjónustu:

<i>Dæmi um kostnað af íláti undir pappírsúrgang</i>			
Blátunna (kar)	660 L	660 L	660 L
> ein eining	22.000	22.000	22.000
>> viðmiðið er leiga og 12 losanir á ári			
<i>Dæmi um kostnað af íláti undir annað en pappírsúrgang</i>			
Grátunna (gámur)	8m ³	5m ³	2m ³
> ein eining	149.000	125.000	99.000
>> viðmiðið er leiga og 32 losanir á ári			
<i>Dæmi um kostnað af mismunandi samsettu setti</i>			
Eitt sett á ári	171.000	147.000	121.000
<i>Dæmi um kostnaðarskiptinu á fleir en einn aðila</i>			
5 greiðendur	34.200	29.400	24.200
10 greiðendur	17.100	14.700	12.100
15 greiðendur	11.400	9.800	8.067
20 greiðendur	8.550	7.350	6.050
25 greiðendur	6.840	5.880	4.840
30 greiðendur	5.700	4.900	4.033
35 greiðendur	4.886	4.200	3.457
40 greiðendur	4.275	3.675	3.025

Sveitarfélögin hafa gert samning við Gámaþjónustuna um að þjónusta þá aðila sem kjósa valkvæða þjónustu. Gámaþjónustan hefur séð um sorphirðu sveitarfélagsins frá 2001 og hefur því öll haldbær gögn til að meta stærð og samsetningu þeirra íláta sem hentar hverjum og einum. **Þessi þjónusta**



getur verið hluta úr ári eða á ársgrunni. Þeir aðilar sem vilja kynna sér nánar þá kosti sem í boði eru í valkvæðri þjónustu eru hvattir til að hafa samband við Gámaþjónustuna í síma 535-2510.

Ílát

Ílátin eru af ýmsum gerðum og stærðum, þannig að allir ættu að geta fengið ílát í samræmi við sínar óskir. Allar upplýsingar um ílátin veitir Gámaþjónustan í síma 535-2510.



Umgengni og staðsetning

Handhafar ílát bera alla ábyrgð á umgengni við þau og skulu gæta þess að ílátin og umhverfi þeirra séu snyrtileg. Ílát mega ekki vera meira en 200m frá söfnunarleið hirðingartækja, en söfnunarleið skilgreinist sú leið sem hirðingartæki þurfa að fara til að sinna bundinni þjónustu við heimili í sveitarfélaginu. Þau eiga að staðsetjast þannig að þau fjúki ekki og ef þau eru fest niður skulu festingar vera þannig að þau tefji ekki hirðingu. Gott aðgengi skal vera að ílátunum, óháð árstíma, fyrir notendur og hirðingartæki. Snjómokstur vegna íláta er á ábyrgð handhafa.

Annað

Bent er á heimasíðu sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is og www.gogg.is, um fleiri upplýsingar varðandi sorþirðu. Þar er m.a. að finna kort yfir staðsetningu móttökustöðva og opnunartíma þeirra.